

**TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR**

frá 7. nóvember 1973

**um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um leyfilegt hljóðstig og útblásturskerfi vélknúinna ökutækja****(73/350/EBE)**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

um útblásturskerfi (hljóðdeyfa).

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

Í ljósi tækniframfara er nú unnt að prófa útblásturskerfi við aðstæður sem samsvara eðlilegri notkun í umferðinni. Því ber að samþykka aðferðir sem gera það kleift að prófa nýjar gerðir hljóðdeyfa við þessar aðstæður. Unnt er að prófa hljóðdeyfa með samfelldri prófun á vegum eða sérstakri prófun á prófunarbekk. Vegna þess að ógerlegt er að athuga öll áhrif samfelldrar notkunar á vettvangi er nauðsynlegt, þegar vafi leikur á, að geta notað prófunarbekk.

með hliðsjón af tilskipun ráðsins frá 6. febrúar 1970 <sup>(1)</sup> um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra (70/156/EBE), eins og henni var breytt með viðauka í lögum um inngöngu nýrra aðildarríkja í EBE og KBE <sup>(2)</sup> sem undirrituð voru í Brussel 22. janúar 1972, einkum 11., 12. og 13. gr.,

Ákvæði tilskipunar þessarar eru í samræmi við álit nefndar sem sér um að aðlaga, í samræmi við tækniframfarir, tilskipanir til að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum í viðskiptum með vélknúin ökutæki.

með hliðsjón af tilskipun ráðsins frá 6. febrúar 1970 <sup>(3)</sup> um samræmingu laga aðildarríkjanna um leyfilegt hljóðstig og útblásturskerfi vélknúinna ökutækja (70/157/EBE), eins og henni var breytt með viðauka í lögum um inngöngu nýrra aðildarríkja í EBE og KBE sem undirrituð voru í Brussel 22. janúar 1972, einkum 3. gr.,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:**I. gr.*

Nauðsynlegt er að hanna og smíða ökutæki þannig að hljóðstig þess fari ekki yfir tilgreind mörk. Þetta á einkum við

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 42, 23. 2. 1970, bls. 1.<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 73, 27. 3. 1972, bls. 115 og 157.<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 42, 23. 2. 1970, bls. 16.

Í viðauka við tilskipun ráðsins frá 6. febrúar 1970 (70/157/EBE), komi viðaukinn við þessa tilskipun í stað liðar II, „Útblásturskerfi (hljóðdeyfar)“.

## 2. gr.

1. Frá og með 1. mars 1974 er aðildarríkjum óheimilt, af ástæðum er varða leyfilegt hljóðstig og útblásturskerfi:

— að neita að veita EBE-gerðarviðurkenningu eða afhenda skjal það sem um getur í öðrum undirlit 1. mgr. 10. gr. tilskipunar ráðsins frá 6. febrúar 1970 (70/156/EBE) eða innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð ökutækis eða

— að banna að ökutæki verði tekið í notkun

ef hljóðstig og útblásturskerfi þessarar gerðar ökutækis eða ökutækja samræmist ákvæðum tilskipunar ráðsins frá 6. febrúar 1970 (70/157/EBE) eins og henni var síðast breytt með þessari tilskipun.

2. Frá og með 1. október 1974:

— skulu aðildarríkin ekki lengur gefa út skjal það sem greint er frá í öðrum undirlit 1. mgr. 10. gr. tilskipunar ráðsins frá 6. febrúar 1970 (70/156/EBE) fyrir gerð ökutækis ef hljóðstig og útblásturskerfi samræmist ekki ákvæðum tilskipunar ráðsins frá 6. febrúar 1970 (70/157/EBE) eins og henni var síðast breytt með tilskipun þessari;

— geta aðildarríkin neitað að veita innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð ökutækis ef hljóðstig og útblásturskerfi samræmist ekki ákvæðum tilskipunar ráðsins frá 6. febrúar 1970 (70/157/EBE) eins og henni var síðast breytt með tilskipun þessari.

3. Frá og með 1. október 1975 geta aðildarríkin bannað að ökutæki verði tekið í notkun ef hljóðstig og útblásturskerfi samræmist ekki ákvæðum tilskipunar ráðsins frá 6. febrúar 1970 (70/157/EBE) eins og henni var síðast breytt með tilskipun þessari.

4. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg ákvæði til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. mars 1974 og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

## 3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 7. nóvember 1973.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

François-Xavier ORTOLI

*forseti.*

## VIDAUKI

- II. ÚTBLÁSTURSKERFI (HLJÓÐDEYFAR)
- II.1. Hafi ökutæki búnað til að draga úr hávaða frá útblásturskerfinu (hljóðdeyfi) skulu kröfurnar í þessum lið gilda. Ef nauðsynlegt er að hafa loftsúu við loftinntak hreyfilsins til að tryggja að hávaði sé innan leyfilegra marka, telst sían vera hluti af hljóðdeyfinum og skilyrðin í lið II gilda einnig um hana.
- II.2. Teikning af útblásturskerfinu skal fylgja gerðarviðurkenningarvottorði ökutækisins.
- II.3. Hljóðdeyfir skal bera greinileg og óafmáanleg auðkenni sem sýna tegund og gerð hans.
- II.4. Óheimilt er að nota íseygt trefjaefni við gerð hljóðdeyfa nema ráðstafanir séu gerðar strax á hönnunar- eða framleiðslustigi til að tryggja að hljóðdeyfirinn hafi tilætluð áhrif þannig að mörkin sem sett eru í lið I verði virt í raunverulegum akstri. Talið er að slíkur hljóðdeyfir hafi tilætluð áhrif í akstri ef:
- II.4.1. hljóðdeyfirinn á frumgerð ökutækis sem prófað hefur verið í samræmi við skilyrðin í liðum I.3 og I.4 er í sama ástandi og hann verður í í eðlilegum akstri áður en hávaðamælingar eru gerðar.
- Þetta má gera:
- II.4.1.1. með samfelldri notkun í akstri í 10 000 km:
- II.4.1.1.1. u.þ.b. helmingur akstursins skal vera innanbæjar og hinn helmingurinn akstur á þjóðvegum á miklum hraða. Prófanir á tilraunabraut geta komið í stað samfellds aksturs;
- II.4.1.1.2. gæta verður þess að aka til skiptis á innan- og utanbæjarhraða;
- II.4.1.1.3. skylt er að hafa að minnsta kosti tíu hlé í prófanalotu sem hvert um sig varir í að minnsta kosti þrjár klukkustundir til að líkja eftir áhrifum kælingar og þéttingar;
- II.4.1.2. að öðrum kosti má láta prófanir fara fram á prófunarbeck við eftirfarandi skilyrði:
- II.4.1.2.1. notaðir eru staðlaðir varahlutir og farið er eftir leiðbeiningum framleiðandans; hljóðdeyfir skal festur á hreyfil sem er sjálfur tengdur orkumæli;
- II.4.1.2.2. prófanir eru gerðar á sex aðskildum tímabilum, sem hvert um sig varir í sex klukkustundir og með hléum í að minnsta kosti tólf tíma á milli þeirra, til að líkja eftir áhrifum kælingar og þéttingar;
- II.4.1.2.3. hreyfillinn skal látinn ganga sex stundir í senn við eftirfarandi skilyrði í þessari röð:
1. fimm mínútur í lausagangi;
  2. eina klukkustund við fjórðungsálag á þremur fjórðu af nafnhraða fyrir hámarksafköst (peak power speed);
  3. eina klukkustund við helmingsálag á þremur fjórðu af nafnhraða fyrir hámarksafköst;
  4. tíu mínútur við fullt álag á þremur fjórðu af nafnhraða fyrir hámarksafköst;
  5. fimmtán mínútur við helmingsálag á fullum nafnhraða fyrir hámarksafköst;
  6. þrjátíu mínútur við fjórðungsálag á fullum nafnhraða fyrir hámarksafköst.
- Hraðinn fyrir hámarksafköst er sá sem framleiðandi tilgreinir.
- Loturnar sex standa samtals þrjár klukkustundir.
- Á hverju tímabili skal hún endurtekin einu sinni.

- II.4.1.2.4. Ekki skal kæla hljóðdeyfinn með þrýstilofti til að líkja eftir loftstreymi umhverfis ökutæki í akstri.  
Þó er heimilt að nota kælingu að beiðni framleiðandans þannig að farið verði ekki yfir það hitastig sem mælist við inntak hljóðdeyfisins þegar ökutækinu er ekið á hámarkshraða;
- II.4.1.3. eða með því að fjarlægja trefjaefnið frá hljóðdeyfinum.
- II.4.1.4. Eftir að hljóðdeyfirinn hefur verið undirbúinn eins og lýst er í lið II.4.1 skal gera hávaðamælingar í samræmi við lið I.4.1 hér að ofan. Útkoman úr mælingunum má ekki fara yfir þau mörk sem sett eru í lið I.1. fyrir viðkomandi flokk ökutækja.
- II.5. Þegar beita þarf 3. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins um gerðarviðurkenningu skal nota prófunaraðferðina sem tilgreind er í lið II.4.1.2 hér að ofan.
- II.6. Tryggja ber að íseygt trefjaefni færast ekki úr stað á meðan hljóðdeyfirinn er í notkun.
-